

T I L L A G A
til þingsályktunar um lækkun kostnaðar við kirkjuþing.
(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Örmu Grétarsdóttur, Axel Árnasyni Njarðvík, Árna Helgasyni, Guðna Má Harðarsyni,
Hildi Ingu Rúnarsdóttur, og Sigurði Grétari Sigurðssyni.
Frsm. Arna Grétarsdóttir.

Kirkjuþing 2023-2024 samþykkir að beina því til kjaranefndar Þjóðkirkjunnar að lækka launa- og þóknunarkostnað við kirkjuþing.

Greinargerð.

Kirkjuþing fer með fjárstjórnarvald Þjóðkirkjunnar samkvæmt lögum um Þjóðkirkjuna nr. 77/2021 og skal ástunda ábyrga fjármálastjórn.

Kostnaður við kirkjuþing er umtalsverður hluti af rekstrartekjum Þjóðkirkjunnar og telur nú um 104 milljónir samkvæmt vinnuskjali fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 sem fjárhagsnefnd, framkvæmdanefnd og rekstrarstofa vinna nú að. Sá kostnaður er hár og má telja að hann sé um 20% af því fjármagni sem Þjóðkirkjan hefur úr að spila ef frá er talinn kostnaður við kjarnastarfssemi Þjóðkirkjunnar. Kirkjuþing hefur markvisst dregið úr kostnaði á undanförunum árum við rekstur Þjóðkirkjunnar og er það vel. En á sama tíma virðist kostnaður við þinghaldið og starfsemi þess hafa hækkað umtalsvert. Þykir flutningsfólki vera mótsögn í því að kirkjuþing samþykki lækkun kostnaðar við rekstur Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar en líti ekki á sama tíma í eigin barm.

Flutningsfólk tekur mikilvægt að kjaranefnd taki kostnað við rekstur kirkjuþings til skoðunar með það að markmiði að ná fram um 30% lækkun kostnaðar með nýjum ákvörðunum um þóknunir og laun. Allar launasetningar kirkjuþingsfulltrúa eru á borði kjaranefndar samkvæmt starfsreglum um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar sem áður voru á borði þóknananefndar sem lögð var niður með breytingu á starfsreglum um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar á kirkjuþingi 2022-2023. Frá því viðbótarsamkomulag við kirkjujarðarsamkomulagið var undirritað hefur kostnaður við kirkjuþing hækkað og því þykir rétt í ljósi þess að verið er að velta við hverjum steini til að draga úr kostnaði að kostnaður við kirkjuþing verði skoðaður eins og annað.

Stærstur hluti kostnaðar við kirkjuþing eru laun þingfulltrúa og starfsmanna, nefnda og starfshópa og þykir rétt að leita leiða til að endurskilgreina og meta starfsmannahald og launakostnað kirkjuþings sérstaklega, jafnframt er lagt til að þessi skoðun beinist einnig að því að lækka þingfarakaup kirkjuþingsfulltrúa.

Flutningsfólk telur að gerlegt sé að lækka kostnað við rekstur kirkjuþings umtalsvert með því að endurmeta og skilgreina störf og þóknanir og líklegt að ná megi að lækka kostnað um nálega 30%, eða nálægt 30 milljónum, með samstilltu átaki.

Gert er ráð fyrir stöðuskýrslu kjaranefndar á kirkjuþingi vorið 2024.

Kostnaður við samþykkt málsins: Enginn.

Sparnaður: mögulega allt að 30 milljónir króna.